

REYKJAVÍKURBORG
3. FEBRÚAR 2015

Þátttaka 10 -12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi

með tilliti til kynja og úthlutunar fjármagns innan
félagsmiðstöðva

Lokaskýrsla



Skóla- og frístundasvið

Samantekt

Markmið verkefnisins var að skoða og greina þátttöku 10-12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi eftir kyni og fjármagni¹.

Til að skoða þátttökuna var gagna aflað sérstaklega yfir tveggja mánaða tímabil með skráningu í félagsmiðstöðvastarfinu. Til að skoða og greina fjármagn var stuðst við fjárhagsáætlunarlíkan skóla- og frístundasviðs vegna félagsmiðstöðva.

Helstu niðurstöður voru á þá leið að lítil munur er á þátttöku 10-12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfinu eftir kynjum og þátttaka kynja í viðfangsefnum í félagsmiðstöðvastarfinu var lítil, þó aðeins mætti greina kynjamun í einstaka viðfangsefnum.

Tillögur til aðgerða vegna þátttöku kynjanna snúast einkum um að tryggja reglulega skráningu gagna og að viðmið um gæðastarf og uppgjör starfsárs félagsmiðstöðva ár hvert í ársskýrslum geri ráð fyrir því að áherslur í starfi og kynjasjónarmiðum sé gerð skil.

Tillögur vegna fjármagns til starfsins til jafns við aðra aldurshópa snúa að því að gera áætlun um aukningu fjármagns til þessa aldurshóps.

Um greininguna

Þjónustubáttur	10 12 ára starf í félagsmiðstöðvum
Lýsing á greiningunni	Að skoða og greina úthlutun fjármagns til þjónustu fyrir 10-12 ára börn í félagsmiðstöðvastarfi miðað við aðra aldurshópa. Greint eftir fjölda barna í þjónustuhverfi félagsmiðstöðvar. Að skoða og greina þátttöku 10-12 ára barna og viðfangsefni eftir kynjum í starfi félagsmiðstöðva og skoða hvernig framboðið nýtist stelpum og strákum
Markmið greiningarinnar	Að félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára börn fái úthlutað fjármagni til jafns við aðra aldurshópa Að þjónusta og þróun félagsmiðstöðvastarfs taki mið af þörfum 10-12 ára barna af báðum kynjum.

¹ Greiningin tekur mið af kynjunum stelpa og strákur en sá hópur barna sem fellur utan þeirra hópa var of fámennur í skráningunni til að hægt sé að gera þeim niðurstöðum skil.

Jafnréttismarkmið greiningarinnar	Að 10-12 ára börn fái þjónustu félagsmiðstöðvar til jafns við aðra aldurshópa og að þjónustan komi jafnt til móts við stráka og stelpur.
--	--

Greiningin

Ákveðið var í upphafi verkefnisins að afla gagna um þátttöku í félagsmiðstöðvastarfinu með sérstakri skráningu þar sem sú skráning sem fram fer í félagsmiðstöðvum í dag mætti ekki þeim þörfum sem verkefnið gerði ráð fyrir. Við gerð greiningar fyrir þátttöku 10-12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi var útbúinn spurningalisti og opnað fyrir aðgang allra forstöðumanna félagsmiðstöðva. Þar var spurt um kynjahlutfall á viðburðum og þátttaka kynja skráð. Einnig var kynjahlutfall starfsfólks skráð. Skráning fór fram frá 10. september til 10. nóvember 2014. Þátttaka kynjanna var skráð eftir viðburðum, kostnaði, tímalengd viðburða, hvaða tíma dags viðburðurinn fór fram á og einnig notkun á tækjabúnaði. Við undirbúning skráningarinnar og úrvinnslu gagna nutum við aðstoðar Berglindar Hansen og Ásgeirs Björgvinssonar frá Tölfræði og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs og Auðar Magnðísar Auðardóttur hjá Jafnréttisskólanum við undirbúning skráningar og yfirlestur. Skýrsla þeirra inniheldur nokkuð ítarlegri upplýsingar um starfið yfir skráningartímamann (sjá fylgiskjal 1).

Við skoðuðum fjárhagsáætlunarlíkan skóla- og frístunda sviðs til að skoða útteilingu fjármagns til 10 – 12 ára starfs félagsmiðstöðva (5. -7. bekkur) miðað við útteilingu til 13 – 16 ára starfsins (8. -10. bekkur. Þá kom í ljós að reiknað er með einni opnun í viku í 10-12 ára starfi en tveim opnunum aðra vikuna og þrem opnunum hina vikuna eða að meðaltali 2,5 opnunum í viku. Áætlunarlíkanið reiknar með 12,8% stöðugildi í 10-12 ára starfið og 37% stöðugildi í 13-16 ára starfið. Úthlutun í launaáætlunarlíkani félagsmiðstöðva gerir ráð fyrir 74% launa fari í starf 13-16 ára og 26% í starf fyrir 10-12 ára við skoðuðum ekki húsnæðiskostnað eða annan rekstrarkostnað niður á aldurshópa. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður fylgi hlutföllum í launalíkani.

Við skoðun á kostnaði kom í ljós að þátttaka í 63,4 % viðburða var þátttakendum að kostnaðarlausu. Á tæplega þriðjungi skráðra viðburða, eða 31,7%, var kostnaður við viðburðinn á bilinu 1000 til 10.000 krónur og á örfáum viðburðum, eða 4,58%, var kostnaður yfir tíu þúsund krónur. Meðalkostnaður við skráða viðburði var 2.381 króna en meðaltekjur voru 1.309 krónur. Ekki var lagst í greiningu á hlutfallskostnaði við einstaka viðburði umfram þetta, s.s. að greina starfsmannakostnað, húsnæðiskostnað og tækjakostnað.

Mæling á tímalengd viðburða sýndi að 93,4% var á bilinu ein og hálf til tvær og hálf klukkustund og flestir þeirra eða 93,7% fóru fram á tímanum 13:00-19:00.

Kortlagning og greining á kynjasjónarmiðum

Við greiningu kom í ljós að nær enginn munur var á þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi fyrir 10-12 ára börn eftir kynjum. Alls sóttu 3873 stúlkur starfið þann tíma sem skráningin stóð yfir en fjöldi drengja á sama tíma var 3962.

Að meðaltali mættu 14,1 stúlka á hvern viðburð sem skráður var á tímabilinu en 14,4 drengir og munurinn ekki marktækur. Stúlkur mættu að meðaltali fleiri á viðburði sem flokkaðir voru sem fræðsla eða 29 á hvern slíkan viðburð til móts við 20,3 drengi á hvern slíkan viðburð. Þeir viðburðir sem skráðir voru sem fræðsla voru þó einungis 3 og því kannski of fáir til að gefa skýra mynd. Drengir voru að meðaltali fleiri í þeim viðburðum sem skráðir voru sem keppni eða 19,1 drengur á móti 15,7. Slíkir viðburðir voru 26 yfir skráningartímabilið og gefur því ákveðna vísbendingu um að slíkir viðburðir séu eftirsóttari af drengjum.

Kynjahlutfall starfsfólks á viðburðum var mjög jafnt en að meðaltali störfuðu 1,5 kona og 1,2 karl á skráðum viðburðum fyrir þennan aldurshóp á tímabilinu.

Notkun á búnaði reyndist nokkuð jafn en munurinn var aðeins sýnilegur í notkun eldhúsáhalda/eldhúsaðstöðu þar sem að meðaltali 12,5 drengir voru á móti 14,4 stúlkum og í tölvunotkun en þar voru 15,3 drengir á móti 14,3 stúlkum.

Ekki verður annað séð af þessum mælingum en að starfið höfði vel til stelpna og stráka og varla var marktækur munur á þátttöku í einstaka viðburðum. Í þeim tilfellum þar sem sjá má mun skráningu á þátttöku stelpna og stráka eru mjög fáir viðburðir sem liggja til grundvallar og því óvarlegt að álykta nokkuð vegna þess.

Eitt af grundvallarmarkmiðum félagsmiðstöðvastarfs hefur í gegnum árin verið að koma til móts við þarfir og óskir barna og unglinga óháð kyni. Skráning sem þessi er fyrsta skrefið í þá átt að starfsfólk rýni reglulega í þátttöku í starfinu og eflir meðvitund þess um eðli og innihald starfsins. Greining gagna og vinna með þáttökuskráningu kemur svo þar á eftir og gefur færi á þróun og nýbreytni sem byggir á haldbærum rökum og ígrundun.

Þegar innihald og viðfangsefni eru kortlögð samhliða þátttöku eftir kynjum gefst jafnframt tækifæri til að ígrunda hvort og þá með hvaða hætti unnt er að vinna gegn staðalmyndum

varðandi viðfangsefni og áhugamál og koma þannig betur til móts við einstaklingsþarfir og óskir óháð kyni. Því er mikilvægt að láta ekki staðar numið þótt lítt kynjamunur hafi verið í þessari greiningu og virkja börnin sjálf til þátttöku og ákvarðana um hvaða viðfangsefnum þau vilja fást við í félagsmiðstöðvastarfinu.

Mælikvarðar

Engir mælikvarðar voru settir við verkefnalýsingu og greiningu og ekki er talin ástæða til að setja inn sérstaka mælikvarða tengda aðgerðum enda ekki þörf á varðandi þátttöku kynjanna.

Mælikvarðar varðandi hlutfall fjármagns væri kostur að setja inn og skoða til framtíðar hvort ekki megi auka hlut þessa starfs í heildarstarfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Möguleiki er á að setja inn mælikvarða í forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.

Aðgerðir

Þar sem lítt kynjamunur kemur fram við greiningu gagna er ekki settar fram afgerandi aðgerðir til umbóta. Hins vegar er mikilvægt að láta ekki staðar numið því ávallt þarf að vera sterk meðvitund meðal starfsfólks um mikilvægi þess að viðfangsefni séu ekki bundin staðalmyndum og áhugi einstaklinga óháð kyni ráði för við val á viðfangsefnum. Til að svo megi verða þarf að tryggja að hægt sé að rýna starfið reglulega, hvort sem það er með tímabundinni skráningu á hverju ári eða með reglulegri skráningu gagna árið um kring.

Skráning í starfi félagsmiðstöðva og greining þeirra gagna hefur töluvert verið til umræðu og sýnist sitt hverjum um mikilvægi þess að afla gagna reglulega. Því er hér lagt til að verklag verði skýrt af hálfu SFS um hvort og þá hvaða gögn beri að skrá og jafnframt hvatt til að skráning á þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi verði áfram eðlilegur hluti af daglegri umsýslu.

Út frá greiningu á kostnaði og því fjármagni sem varið er til starfsins fyrir 10-12 ára barna er lagt til að fjármagn veðri aukið í þjónustu til 10-12 ára starfsins í áföngum í átt að þeim viðmiðum sem sett voru um grunnþjónustu af vinnuhópi árið 2011 (sjá fylgiskjal 2).

Það samrýmist þeim áherslum sem þegar hafa komið fram í öðrum starfshópum á vegum skóla- og frístundasviðs. Ein leið er jafnframt sú að huga að hvort og þá með hvaða hætti foreldrar gætu komið að kostnaðarþátttöku, t.d. með þáttökugjöldum.

Ekki er lagt til að fjármagn sé tekið úr ramma fyrir 13-16 ára í félagsmiðstöðvum þar sem sá rammi uppfyllir ekki enn viðmið varðandi grunnþjónustu sem skilgreind var af vinnuhópi 2011 (sjá fylgiskjal 2).

Eftirlit og mat

Lykiltölur eru þegar skráðar í starfi félagsmiðstöðva, þó ekki eins ítarlega og gert var í þessu verkefni yfir tveggja mánaða tímabil. Árið 2012 var unnið verkefni af svipuðum toga þar sem ein af meginillögum var að hanna nýtt skráningarmódel fyrir félagsmiðstöðvastarf þar sem öllum lykildreytum í daglegu starfi er haldið til haga. Það er forsenda þess að hægt sé að skoða og greina þátttöku í starfi félagsmiðstöðva.

Allir starfsstaðir skóla- og frístundastarfs þurfa nú að gera jafnréttisáætlanir og þar er mikilvægt að komi fram með hvaða hætti unnið verði með kynjasjónarmið og hvernig þau skila sé í starfsáætlunum starfsstaða. Lagt er til að í ársskýrslum félagsmiðstöðva verði jafnframt kallað eftir upplýsingum um hvort og hvernig unnið er með kynjasjónarmið í starfi félagsmiðstöðva. Viðmið um gæðastarf í frístundastarfi munu að sumu leyti vera starfsfólki og stjórnendum hvatning til að huga reglulega að þessum þætti í starfinu en þar sem einungis er gert ráð fyrir ytra mati á nokkurra ára fresti er nauðsynlegt að tryggja örari ígrundun á þessum þætti.

Eygló Rúnarsdóttir og Helgi Grétar Helgason

skóla- og frístundasviði Reykjavíkur